

Skólaráðsfundur 1. júní 2021

Mætt: Erla Gunnlaugsd, Sigurlaug Guðjóns, Sigga Salmanns., Eygló Óttarsd., Jón Einar, Sigríður Birta og Gulla Björk.

Sandra Finnsd. og Berglind boðuðu forföll.

1. Farið yfir niðurstöður Skólapúlsins. Mjög ánægjulegar niðurstöður.

1.-4. bekkur sýnir marktækan mun á ánægju af lestri.

Ánægja með skólann mælist einnig með marktækan mun – kemur mjög vel út.

Vellíðan í skóla – marktækur munur jákvæður.

Ekki mælist eins mikill munur í 5. bekk. í öllum þáttum. Erfiðleikar hafa verið í 5. bekk eftir að þau sameinuðust í einn bekk og unnið hefur verið í þeim erfiðleikum frá sameiningu. Atferlisfræðingur kom að bekknum í vetur og það er að skila árangri. Bekkurinn var ánægður við Tjarnarstíg sl. vetur í covid og vonandi gengur áfram vel þar næsta vetur.

6-10. bekkur

Niðurstöður eru á pari við landið. Áhugi á náttúrufræði mælist þó marktækt neðar en landið og einnig trú á eigin getu í námi.

-Líðan og heilsa á pari við landið.

-Hollt mataræði marktækt neðar en landið.

-Skóla- og bekkjaandi marktækt jákvæður.

-Virk þátttaka í tímum marktækt jákvæður.

2. Nemendaping var haldið í skólanum 28. maí sl.

7.-9. bekkur tók þátt í málþingi sem skólastjóri og umsjónamaður nemendaráðs (Sigga Sal) skipulögðu og sáu um.

Rætt var t.d. nám og líðan í skólanum á covid tímum, hvað lærðum við af því og hvað vilja nemendur taka með sér frá þeim tíma.

Hugmyndavinna sem unnið var úr endaði í 5 mikilvægustu þáttum að mati nemenda, sem mætti bæta í námi og skóla, og leyfa rödd nemenda að heyrast.

- Þættir sem komu t.d fram eru að nemendur vilja fjölbreyttara nám, styttri skóladag án þess að minnka nám – vilja vinna hluta heima eins og gert var í covid.

- Nemendur vilja geta valið sér máltíðir. Þ.e. geta skráð sig í mat ákveðna daga mánaðarins en ekki fulla mataraskrift- minnka þannig matarsóun.

- Skólastjóri var mjög ánægður með þetta málþing og það sem kom frá nemendum. Haldið verður áfram með þessa vinnu fyrir næsta vetur.

Fundargerð ritaði Gunnlaug Björk.

